

Þingskjal 552 — 411. mál.

Meðfylgjandi er umsögn Raunvísindastofnunar Háskólans (RH) um frumvarp um breytingu á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003.

Stjórn RH hefur ekki athugasemdir gagnvart breyttu stjórnsýslufyrirkomulagi Innviðasjóðs og Rannsóknasjóðs en telur mjög brýnt, að í tengslum við endurskoðun laga verði sett inn ákvæði til að styrkja matsferlið og hlutverk fagráða.

Fagráðum ber að meta styrkumsóknir á grundvelli vísindalegs gildis, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi. Samkvæmt núgildandi lögum eru fagråd ráðgefandi fyrir stjórn Rannsóknasjóðs. Skýra þarf í hverju sú ráðgjöf er fólgin. Stjórnir sjóðanna eiga ekki að hafa vald til þess að breyta mati fagráða, nema vegna ágreiningsmála og þá með utanaðkomandi séráliti. Stjórnir sjóðanna ákveða skiptingu milli fagsviða, ungra vísindamanna og eldri og hugsanleg áherslusvið.

Stjórn Raunvísindastofnunar bendir ennfremur á að framhaldsnemar geta ekki skuldbundið verkefnastjóra eða stofnanir án þeirra samþykkis, þar sem þeir bera ekki rekstrarlega ábyrgð á innviðum/rannsóknabúnaði. Þessir aðilar þurfa því að senda inn umsóknir sameiginlega.

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar Raunvísindastofnunar Háskólans

Bryndís Brandsdóttir